

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps. 29. fundur.

að Hlíðavegi 6, 18. desember 2007, kl. 13:30.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Fundargerð Landbúnaðarnefndar frá 6. desember.
3. Erindi frá Birni Yngvasyni v/stöðuleyfis.
4. Erindi frá Landsvirkjun dags. 11. desember, ósk um leyfi til borunar jarðskjálftamælisholu á norðursvæði Kröflu.
5. Fundargerð Skólanefndar frá 3. desember.
6. Bréf UST dags. 5. desember, umsögn vegna breytinga á notkun geymsluhúsnæðis við Arnarvatn.
7. Erindi frá Hólmfríði Jónsdóttur og Herði Halldórssyni, ósk um breytingu á notkun geymsluhúsnæðis við Arnarvatn, var frestað á fundi 18. október.
8. Fundargerð Veitnanefndar frá 14. desember.
9. Fjárhagsáætlun, fyrri umræða.
10. Tillögur að gjaldskrárhækkunum fyrir Hitaveitu, Leikskóla og Tónlistarskóla.
11. Fundargerð Byggingarnefndar frá 13. desember.
12. Fundargerð Skólanefndar frá 17. desember.

Til kynningar:

- Bréf frá formanni Samstarfsnefndar um sameiningu sveitarfélaga dags. 23. nóvember.
- Fundargerð stjórnar Eypings dags. 19. nóvember.
- Bréf frá Norðurþingi dags. 16. nóvember.

Mættir: Margrét Hólm Valsdóttir, Ingunn Guðbjörnsdóttir, Kristján Stefánsson, Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétusson.

1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund og óskaði eftir að málum 11 og 12, yrði bætt á dagskrána. Samþykkt samhljóða.

2. Fundargerð Landbúnaðarnefndar frá 6. desember.

Í öðrum lið fundargerðarinnar kemur fram að samþykktir reikningar til uppgjörs fjallskila eru kr. 297.325,- Fjallskilasjóðsgjald pr. kind kr. 150,- og girðingargjald pr. kind kr. 25,-. Í þriðja lið fundargerðarinnar er bent á nauðsyn þess að kom upp aðhaldi vestan Sveina, fyrir næsta sumar vegna breytts fyrirkomulags við smölun í fyrstu göngum. Í fjórða lið fundargerðarinnar er skorað á sveitarstjórn að fara í endurbætur á Péturskirkju þar sem húsið er verulega farið að láta á sjá. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við fundargerðina.

3. Erindi frá Birni Yngvasyni v/stöðuleyfis.

Fyrir fundinum liggur bréf dags. 27. nóv. frá Birni Yngvasyni. Þar óskar hann eftir framlengingu á stöðuleyfi fyrir gistiskála á Skútustöðum auk þess að setja á þá risþak samanber framlagðar teikningar. Í bréfinu kemur einnig fram að Tækniþing er að vinna að gerð deiliskipulags fyrir ferðaþjónustuna að Skútustöðum 2.

Sveitarstjórn fagnar þeirri ákvörðun ferðaþjónustubænda að Skútustöðum 2, að hefja vinnu við gerð deiliskipulags fyrir svæði. Að öðru leyti vísar sveitarstjórn í afgreiðslu byggingarnefndar frá 13. des á erindi Björns.

4. Erindi frá Landsvirkjun dags. 11. desember, ósk um leyfi til borunar jarðskjálftamælisholu á norðursvæði Kröflu.

Með bréfi dags. 11. desember kynnir Landsvirkjun áform um borun grunnrar jarðskjálftamælisholu, AE-11, um 40-70 m að dýpt á norðursvæði Kröflu. Markmið með borun holunnar er að styrkja vöktun jarðskjálfta á Kröflusvæðinu en tilfinnanlega er mikil þörf fyrir mælistöð á norðvestur hluta þess. Þegar eru í rekstri fjórir mælar í grunnu mæliholum á öðrum stöðum á Kröflusvæðinu. Mæliholunni hefur verið valinn staður í kantinum á göngustíg að Leirhnjúk þar sem hann greinist til norðurs og vesturs. Stígurinn er nægilega breiður til að lítill beltabor getur farið um án þess að fara út fyrir mörk hans. Á sama hátt á borstað á stígamótunum getur borinn og dráttarvél fyrir flutning aðfanga snúið við.

Frágang á holutoppi, þegar holan er ekki nýtt til mælinga, er auðvelt að fela þannig að hún sjáist ekki frá göngustígum. Á mynd 2 er sýndur dæmigerður mælibúnaður fyrir jarðskjálftamælibúnað ofanjarðar við hlið holunnar. Til umhugsunar er að setja upp æupplýsingaskilti fyrir náttúruskoendur á stígamótunum til að draga athyglina að eða frá mælibúnaðinum eftir atvikum. Stefnt verður að því að minnka umfang mælibúnaðarins á yfirborði og aðlaga hann að umhverfinu eftir því sem kostur er.

Í bréfinu kemur fram að valinn staður fyrir mæliholuna sé ekki á hverfisverndarsvæði en utan marka iðnaðarsvæðis á aðalskipulagi. Hann er

innan jarðhitaréttinda- og rannsóknarsvæðis Landsvirkjunar. Fyrirhugað er að bora jarðskjálftamæliholuna á frosinni jörð í vetur. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaða framkvæmd en leggur áherslu á að vandað verði til alls frágangs og að svarf sem kemur upp við borun holunnar verði flutt burt.

5. Fundargerð Skólanefndar frá 3. desember.

Í öðrum lið fundargerðar Skólanefndar kemur fram að skólanámskrá fyrir árið 2007-2008 sé komin út og hægt að nálgast á heimasíðu skólan. Í þriðja lið fundargerðarinnar segir að skólanámskrá fyrir leikskólann sé tilbúin og verði send til sveitarstjórnar innan skamms. Þá er einnig bent á að aðstöðuleysi starfsfólks í leikskólanum sé með öllu óviðunandi og brýnt að bæta þar úr hið fyrsta. Í fjórða lið fundargerðarinnar er sagt frá því að verið sé að vinna að merki fyrir skólann og þá upplýsti einnig formaður Skólanefndar að borist hefði bréf frá Menntamálaráðuneytinu þar sem bent er á að óheimilt sé að vera með fermingarfræðslu á skólatíma. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við fundargerðina.

6. Bréf UST dags. 5. desember, umsögn vegna breytinga á notkun geymsluhúsnæðis við Arnarvatn.

Í bréfinu kemur fram að Umhverfisstofnun leggist ekki gegn því að breyta notkun umrædds húss úr geymsluhúsnæði í frístundahús en gerir eftirfarandi athugasemdir:

„Náttúrumynjar

Ofangreint hús stendur á bökkum Laxár í Þingeyjarsýslu og er innan þess svæðis sem lög um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu nr. 97 frá 2004 ná til, en markvmið þeirra samkvæmt 1. Grein laganna“er að stuðla að náttúruvernd á Mývatns-og Laxárvæðinu í samræmi við meginreglunna um sjálfbæra þróun og tryggja að vistfræðilegu þoli svæðisins verði ekki stefn í hættu af manna völdum.“ Í 2. Greinlaganna kemur fram til hvaða svæðis þau ná en þar segir „ákvæði laganna taka til Mývatns og Laxár með eyjum, hólmun og kvíslum, allt að ósi árinna við Skjálfaflóa, ásamt 200 m bakka meðfram vötn, ám o glækum:“

Ljóst er að ofangreind geymslubygging er inni á verndarsvæði og stendur tiltölulega nálægt Laxá og þurfa því allar framkvæmdir að taka mið af því.

Frárennsli

Vegna viðkvæms umhverfis þarf að gæta vel að frárennsli. Á uppdrætti skal 'syna staðsttningu rotþró og bendir Umhverfisstofnun á að rotþró og siturlagnir þurfa að vera af viðeigandi stærð og gerð sbr. Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Stofnunin hefur útbíð leiðbeiningar um rotþær og siturlagnir og er þær að finna á heimasíðu stofnunarinnar (www.ust.is). Frárennsli frá ofnakerfum, heitum opttum, baðkörum og sturtuklefum þarf ekki að leiða í rotþró, þar sem slíkt vatn er lítið mengað, en getur skert virkni rotþróarinnar til muna. Affallsvatn af þessum toga má hins vegar leiða í skiptibrunn eða jöfnunarþró til jafnrar dreifingar í sér dreifilögn sem lögð er yfir jarðveg eða malarbed.“

Umhverfisstofnun lítur svo á að afstaða stofnunarinnar nái aðeins til núverandi húss, en gefi ekki fyrirheit um leyfi til viðbygginga eða annarra breytinga er gætu valdið röskun inná verndarsvæði Mývatns og Laxár. Þá bendir UST á að

breyta þurfi skipulagi í samræmi við framangreint erindi og breytingartillöguna þurfi að leggja fyrir stofnunina.

7. Erindi frá Hólmfriði Jónsdóttur og Herði Halldórssyni, ósk um breytingu á notkun geymsluhúsnæðis við Arnarvatn, var frestað á fundi 18. október.

Á fundi sveitarstjórnar 18. október sl. frestaði sveitarstjórn afgreiðslu á erindinu meðan beðið væri umsagnar Umhverfisstofnunar.

Sveitarstjórn samþykkir erindið fyrir sitt leiti með þeim skilyrðum sem fram koma í umsögn Umhverfisstofnunar.

8. Fundargerð Veitnanefndar frá 14. desember.

Í öðrum lið fundargerðarinnar er tekin fyrir tillaga að hækkun gjaldskrár fyrir hitaveituna. Í tillögunni er lagt til að hækkunin nemi 27,5%. Ekki hefur verið gerð breyting á gjaldskránni síðan 1. janúar 2004. Þrátt fyrir að umrædd hækkun dugi ekki til að halda í við verðlagsþróun s.l. fjögurra ára og að fyrir dyrum standi áframhaldandi endurnýjun veitunnar, leggur Veitnanefnd til að gjaldskrárhækkun núna nemi ekki meira en 18%. Hins vegar gerir nefndin ráð fyrir að ekki verði komist hjá annarri hækkun á næsta ári.

Í þriðja lið fundargerðarinnar kemur fram að nefndin geri ekki athugasemdir við fyrirbyggjandi rekstraráætlun fyrir Varmaskiptastöð sem unnin er af Landsvirkjun.

Töluverðar umræður urðu í sveitarstjórn um afgreiðslu Veitnanefndar á gjaldskrá hitaveitunnar. Samþykkt með þremur atkvæðum gegn tveimur að fara að tillögu nefndarinnar um 18% hækkun. Að öðru leyti samþykkir sveitarstjórn fundargerðina.

9. Fjárhagsáætlun, fyrri umræða.

10. Farið yfir fjárhagsáætlunina og urðu nokkrar umræður. Lögð fram fjárfestingaráætlun upp á kr. 38.500.000,- .

Minnisblað.

Fjárhagsáætlun 2008.

Helstu forsendur

- 1) Útsvar verði 13,03%
- 2) Reikna má með um 6% hækkun rekstrargjalda sem einkum skýrast af hækkun launa og verðlagshækkunum.
- 3) *Fjárhagsáætlun Héraðsnefndar og Sorpsamlagsins liggja ekki fyrir.*
- 4) *Ekki er gert ráð fyrir samdrætti í rekstri sveitarfélagsins.*
- 5) *Tekjur sveitarfélagsins hækkuðu umfram það sem ráð var fyrir gert 2007, sem skýrist að mestu leiti af auknum framlögum frá Jöfnunarsjóði.*
- 6) *Ljóst er að fylgjast þarf vel með rekstrinum þannig að gjöldin fari ekki fram úr tekjunum. Gert er gert ráð fyrir töluverðum framkvæmdum. Endurnýja þarf kaldavatnstank áætlaður kostnaður 12 millj. Áframhaldandi endurnýjun á lögnun veitnanna (áfangi 2) 8 millj. Lagning hitaveitu í frístundahúsa byggð við Birkiland 8 millj. Reykjahlíðarskóli viðgerð á þaki ofl. 3,5 millj. Leikskóli 1 millj. Gæsluvöllur 1 millj. Gatnagerð 2 millj. Skipulagsmál 2 millj. Íþróttamiðstöð 1 millj.*
- 7) *Gjaldstofnar eru þegar fullnýttir auk þess er gert ráð fyrir hækkun á gjaldskrár leikskóla, tónlistarskóla og hitaveitu.*

Vísað til seinni umræðu.

11. Tillögur að gjaldskrárhækkunum fyrir Hitaveitu, Leikskóla og Tónlistarskóla.

Eftirfarandi eru tillögur að gjaldskrárhækkunum fyrir Hitaveitu, Leikskóla og Tónlistarskóla.

Gjaldskrá Hitaveitu Reykjahlíðar

1. gr.

Hitaveita Reykjahlíðar selur hitaorku frá aðveituæð og dreifikerfi veitunnar samkvæmt ákvæðum gjaldskrár þessarar.

2. gr.

Hitaveita Reykjahlíðar lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi eftirlitsmanns hitaveitu.

Hitaveitunni er heimilt að takmarka með hemli vatnsrennsli að húsi eftir því sem þörf krefur og er starfsmönnum hitaveitunnar einum heimilt að breyta stillingu hans.

3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða skv. vatnsmæli fyrir hvern rúmmetra vatns miðað við vatnshita í tengibrunni þar sem stofnæð og heimtaug/dreifikerfi mætast, sem hér segir:

- a) Fyrir vatn 80° C og heitara greiðast..... kr. 74,26
- b) Fyrir vatn 70°- 79° C greiðast..... kr. 59,42
- c) Fyrir vatn 69° C og kaldara greiðast..... kr. 44,56

Hitaveitunni er heimilt að færa notendur milli gjaldflokka þar sem einstakar heimtaugar eru það langar að ætla má að um verulega kólnun sé að ræða í þeim.

Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp og ef vatnsmælir bilar áætla hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins. Hitaveitan lætur húseigendum í té aukamæla ef þess er óskað.

4. gr.

Fyrir hverja húsveitu (1. mæli) er greitt fast mánaðargjald sem fer eftir stærð mælis sem hér segir:

- a) Fyrir mæli allt að ¾” kr. 650,-
- b) Fyrir mæli 1” – 2 “ kr. 1.300,-
- c) Fyrir mæli 3” og stærri kr. 2.600,-

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 3. og 4. grein verða krafín mánaðarlega, þegar eftir mælaálestur. Þó er heimilt að láta líða lengri tíma en einn mánuð milli álestra og fækka gjalddögum. Óski notandi þess að lesið sé af mæli hans utan reglubundins álestratíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald kr. 590,-

Gjaldnagi hitaveitugjala er við útsendingu reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Ber gjaldanda að greiða reikninginn í bönkum, sparisjóðum og öðrum greiðslustöðum þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil ef gjöld fyrir orkunotkun eru ekki greidd innan 30 daga frá útsendingardegi reiknings.

6. gr.

Heimædagjald Hitaveitu Reykjahlíðar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Hús 400 – 2000 m³:

Fyrir 400 m ³	kr.	119.630,-
og fyrir hvern rúmmetra umfram 400 m ³	kr.	103,36
Hús stærri en 2000 m ³	kr.	285.455,-
og fyrir hvern rúmmetra umfram 2000 m ³	kr.	82,77
öll gjöld í þessari grein miðast við utanmál húsa.		
Stofngjald fyrir hvern mæli umfram einn á sama inntaki er	kr.	15.886,-

Lóðarhafar greiða auk heimtaugargjalds kostnað við lagningu heimæðar frá stofnæð hitaveitu að húsvegg fyrir lengd lagnar umfram 50 metra.

Hitaveita Reykjahlíðar hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 7 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun aðrennslis og opnun á ný greiðir sá sem í vanskilum er auk

	kr.	1.185,-
--	-----	---------

í hvert skipti.

7. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar svo sem heypurrkunar eða ræktunar og er þá hitaveitunni heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

8. gr.

Á öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari leggjast skattar samkvæmt gildandi reglum á hverjum tíma.

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtak á kostnað gjaldanda.

10. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis frá 1. janúar 2004.

Gjaldskrá leikskólans Yls.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps hefur samþykkt hækkun á gjaldskrá leikskólans Yls. Nýja gjaldskráin fer hér á eftir:

Verð pr. mánaðarklst. kr. 2.890- Dæmi: Barn er í vistun 4 klst. á dag. Gjaldið verður því 4 x 2.890= 11.560

* Börnum einstæðra foreldra er veittur 25% afsláttur.

*Systkinaafsláttur er eftirfarandi:

2. barn	25%
3. barn	50%
4. barn	75%

Afsláttur er veittur af því gjaldi sem lægra er ef um mislanga vistun systkina er að ræða.

*Frá og með 1. sept ári áður en grunnskólanám hefst er leikskólavist fimm ára barna foreldrum að kostnaðarlausu. Greiða skal þó fyrir fæði barnanna.

Við útreikning á gjöldum er ávallt reiknað með 20 dögum í mánuði.

Gjaldskrá Tónlistarskóla Mývatnssveitar.

Gildir frá og með vorönn 2008.

Fullt nám er 2 x 30 mín. á viku.

Fullt nám	17.600-
$\frac{3}{4}$ nám	14.960-
$\frac{1}{2}$ nám	11.440-
Fullorðnir greiða 20% álag	
Hljóðfæraleiga	3.030-

Fjölskylduafsláttur:

2. meðl. fjölskyldu fær 20% afslátt

3. meðl. fjölskyldu fær 40% afsl.

4. meðl. fjölskyldu fær 60% afsl.

Ekki er veittur afsláttur af hljóðfæraleigu.

Gjaldskráin miðast við hverja önn.

Nemendur greiða skólagjöld við upphaf hverrar annar. Hætti nemendur námi verður ekki um endurgreiðslur skólagjalda að ræða nema til komi veikindi eða aðrar sérstakar ástæður.

Kennsla fellur niður á starfsdögum Reykjahliðarskóla. ATH.

Gjaldkrár Leikskóla og Tónlistarskóla taka gildi 1. janúar 2008. Gjaldskrá hitaveitunnar er vísað til annarrar umræðu.

12. Fundargerð Byggingarnefndar frá 13. desember.

Liður 1, þar sem óskað er eftir stöðuleyfi fyrir gistiskála að Skútustöðum 2, liður 2, þar sem óskað er eftir leyfi til að setja risþak á gistiskála að Skútustöðum 2, liður 3, þar sem óskað er eftir stöðuleyfi fyrir vinnubúðir við Kröfluvirkjun eiga við um Skútustaðahrepp. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu Byggingarnefndar.

13. Fundargerð Skólanefndar frá 17. desember.

Undir fyrsta lið fundargerðarinnar er tekin fyrir tillaga að hækkun gjaldskrár Tónlistarskólans um 15%. Skólanefnd mælir með að gjaldskráin verði hækkuð en hvetur til þess að ekki verði greitt sérstaklega fyrir samspil nemenda heldur verði það innifalið í heildargjaldinu.

Einnig vill nefndir vekja athygli á afar ánægjulegum tónleikum sem Tónlistarskólinn stóð fyrir á aðventunni.

Undir lið tvö er tekin fyrir tillaga að 15% gjaldskrárhækkun fyrir leikskólann Yl. Skólanefnd mælir með að farið verði að tillögunni en beinir þeim tilmælum til sveitarstjórnar að gjaldskrár skólanna verði frekar hækkaðar árlega og þá um lægri prósentu í hvert sinn.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu Skólanefndar.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.
Margrét Hólm Valsdóttir,
Ingunn Guðbjörnsdóttir,
Kristján Stefánsson,
Dagbjört Bjarnadóttir,
Böðvar Pétusson.